

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra
skipa nr. 325/1985, sbr. nr. 171/1987, 80/1988, 412/1988 og 130/1990.

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, 4.3., sem orðist svo:

Í flutningaskipum er falla undir ákvæði Alþjóðasamþykktar um öryggi mannlífa á hafinu 1974 (S.O.L.A.S.) ásamt síðari breytingum er heimilt að samþykkja björgunarbúninga samkvæmt 5. gr. í stað björgunarvesta.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 51/1987 um eftirlit með skipum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 21. júní 1991.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

26. júní 1991

Nr. 317

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 62/1989, um bann
við áfengisauglýsingum.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Ákvæðið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda, sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja enda skal tekið fram með áberandi hætti að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi áfengislaga og ekki sé vísað til hinnar áfengu framleiðslu. Skal letur sem vísar til hins óáfenga drykkjar ekki vera minna áberandi en letur firmanafnsins og/eða firmamerkisins.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 5. mgr. 16. gr. áfengislaga nr. 82/1969, öðlast þegar gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. júní 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.